

**3428. fundur bæjarráðs, haldinn í Frístundamiðstöðinni Garðavelli,
27. ágúst 2020 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2006135 - Mánaðar- og árshlutauppgjör 2020

Sex mánaða uppgjör lagt fram.

Þorgeir H. Jónsson fjármálastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Lagt fram.

2. 2006258 - Björgunarfélag Akraness - starfsemi, útköll og hjálparliðar

Endurskoðun samstarfssamnings.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

Endurnýjun samningsins verður tekin upp og afgreidd í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2021.

3. 2008166 - Samstarfssamningar sveitarfélaga - frumkvæðisathugun ráðuneytis

Erindi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um frumkvæðisathugum ráðuneytis á samstarfssamningum sveitarfélaga.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins en gert er ráð fyrir að sveitarfélagið yfirfari tilgreinda samstarfssamninga og ljúki yfirferð sinni og skili til ráðuneytisins fyrir 15. nóvember næstkomandi.

4. 2007137 - Frumhvæðisathugun á stöðu einstaklinga sem ekki eru mæltir á íslensku í samskiptum við íslensk stjórnvöld

Erindi Umboðsmanns Alþingis um framkvæðisathugum á stöðu einstaklinga sem ekki eru mæltir á íslensku í samskiptum við íslensk stjórnvöld.

Lagt fram.

Bæjarstjóri gerir grein fyrir hvernig Akraneskaupstaður hyggst fyrir sitt leyti mæta tilmælum Umboðsmanns til stjórnvalda.

5. 2003191 - Covid 19 - Ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga

Ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvörðunartöku við stjórn sveitarfélaga hefur verið framlengd til 10. nóvember 2020. Auglýsing þess efnis birtist í B-deild Stjórnartíðinda þann 11. ágúst sl.

Lagt fram.

Málið verður til afgreiðslu á næsta bæjarstjórnarfundum.

6. 2006217 - Markaðsherferð fyrir Akraness

Tillaga bæjarstjóra um framkvæmd könnunar meðal verktaka sem eru í uppbyggingu eða að hefja uppbyggingu á Akranesi. Markmið er að kanna hvaða tímasetning hentar best fyrir markaðssetningu fyrir Akranes til þess að laða að nýja íbúa.

Lagt fram.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að fylgja málinu eftir.

7. 1902255 - Höfði - endurbætur á 2. hæð, umsókn í framkvæmdasjóður aldraðra 2019

Ítarleg kostnaðargreining liggur nú fyrir frá hönnuði ásamt upplýsingum frá Framkvæmdasjóði aldraðra um málsmeðferð vegna styrkveitingar til verkefnisins.

Bæjarráð vísar erindinu til stjórnar Höfða til umsagnar með hliðsjón af þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:50.